

Héraðsdómur Reykjaness

Dómur 28. apríl 2025

Mál nr. S-2634/2024:

Ákærvaldið

(Dagmar Ösp Vésteinsdóttir saksóknari)

gegn

X

(Ásta Björk Eiríksdóttir lögmaður)

(Helga Vala Helgadóttir, réttargæslumaður brotaþola)

Dómur

Mál þetta var þingfest 27. nóvember 2024 og dómtekið 7. mars 2025. Málið höfðaði héraðssaksóknari með ákæru útgefinni 24. október 2024 á hendur ákærðu X, kt. 000000-0000, [...], „fyrir stórfellda líkamsárás, með því að hafa miðvikudaginn 23. mars 2022, á þáverandi heimili ákærðu að [...], veist að A, kennitala 000000-0000, með því að hrinda henni og taka með báðum höndum í úlpu A og ýta henni ítrekað upp að útidyrhurðinni, og síðar í framhaldi er A var sest í sófa inni í herbergi í íbúðinni, togað í fætur hennar þannig að hún datt úr sófanum og lenti á rassinum og því næst dregið hana fram í íbúðina og reynt að skella höfði A utan í vegg í stofunni. Í framhaldinu fór A aftur inn í herbergi og settist í sófa en þá kom ákærða til hennar og ýtti höfði hennar aftur á bak þannig að það rakst í gluggakistuna og í framhaldinu reif ákærða í hár A og barði höfði hennar ítrekað í gluggakistuna. Loks veittist ákærða enn frekar að A inni í íbúðinni með því að grípa í hár hennar og axlir og slá henni utan í vegg og hurðar. Afleiðingar árásarinnar voru þær að A hlaut klórför í hársverði og á hálsi, 3–4 kúlur í höfuðleðri, aðallega í hnakka, eymsli yfir vinstra kinnbeini og vinstri neðri kjálka og kjálkalið, eymsli í hnakkavöðvafestum og vöðvum háls hryggjar og skerta hreyfigetu um háls hrygg vegna stífleika, eymsli neðanvert yfir mjóbaki, eymsli á vinstri lærlegg, gat á hljóðhimnu

hægra megin, áberandi minnkaðan kraft í vinstri fæti og minnkað snertiskyn í vinstri fæti (helftarlömun), mar á utanverðum hægri framhandlegg, klórför og skrámur á hægri handarbaki, bólgu og eymsli á dálkshnyðju, tognun og ofreynslu á axlarlið, lendarhrygg, mjaðmagrind, ökkla, hálshrygg og hné, auk ógleði og heilahristings. Hefur varanlegur miski A vegna árásarinnar verið metinn 35 stig og varanleg örorka 40%.“

Í ákæru er háttsemi ákærðu talin varða við 2. mgr. 218. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940 og þess krafist að ákærða verði dæmd til refsingar og til greiðslu alls sakarkostnaðar.

Þá er í ákæru tekin upp bótakrafa A. Hún krefst þess að ákærðu verði gert að greiða henni miskabætur að fjárhæð 5.000.000 króna auk vaxta, samkvæmt 8. gr. laga nr. 38/2001 um vexti og verðtryggingu, frá 23. mars 2022 til þess dags er mánuður var liðinn frá þeim degi er bótakrafan var birt ákærðu, en með dráttarvöxtum samkvæmt 9. gr., sbr. 1. mgr. 6. gr., sömu laga frá þeim degi til greiðsludags. Þá krefst hún þess að viðurkennd verði skaðabótaskylda ákærðu vegna líkamstjóns sem hún varð fyrir þann 23. mars 2022, sbr. 1. gr. skaðabótalaga nr. 50/1993. Loks krefst hún þess að ákærða verði dæmd til greiðslu þóknunar réttargæslumanns hennar.

Ákærða krefst aðallega sýknu af kröfum ákæruvaldsins og að framangreindri bótakröfu verði vísað frá dómi. Til vara krefst ákærða þess að refsing verði látin niður falla að öllu leyti og til þrautavara að hún verði dæmd til vægustu refsingar sem lög leyfa. Að því er framangreinda bótakröfu varðar krefst ákærða þess til vara að hún verði sýknuð af henni og til þrautavara að fjárhæð bóta verði lækkuð verulega. Loks krefst ákærða þess að allur sakarkostnaður verði felldur á ríkissjóð, þar með talin málsvarnarlaun verjanda hennar.

I.

Bakgrunnur máls

Ákærða er fædd árið [...]. Framlögð gögn bera með sér að allt frá árinu 2009 og þar til ákærða varð 18 ára hafi málefni hennar verið til viðvarandi meðferðar hjá barnaverndaryfirvöldum og var ákærða í samráði við móður hennar vistuð utan heimilis, fyrst tímabundið og síðan varanlega, en móðir ákærðu afsalaði forsjá hennar til barnaverndaryfirvalda árið 2015. Ákærða var enn fremur skjólstæðingur Göngudeildar BUGL um árabíl og var fyrst lögð þar inn árið 2011. Í byrjun árs 2017 mátu barnaverndaryfirvöld og geðlæknir á Göngudeild BUGL það svo að ekki væru lengur forsendur til að vista ákærðu á hefðbundnu fósturheimili og var hún í framhaldi af því um skeið ýmist í

skammtímavistun í [...], neyðarvistun á Stuðlum eða tímabundinni dvöl á Vistheimili barna, auk þess sem hún dvaldi inn á milli hjá móður sinni og í Vinasetri. Í lok árs 2017 var ákærða vistuð í íbúð á vegum Hafnarfjarðarbæjar og Utanum ehf. falið að sjá um rekstur úrræðisins og stuðning við ákærðu. Um mitt ár 2018 baðst Utanum ehf. lausnar frá starfanum og [...] tók við. Framlögð gögn bera með sér að á ýmsu hafi gengið í samskiptum ákærðu og starfsfólks [...] þau ár sem í hönd fóru og ákærða sýnt bæði áhættuhegðun og aðra óæskilega hegðun sem m.a. hafði í för með sér að hún var ítrekað neyðarvistuð á Stuðlum. Í kjölfar þess að ákærða varð 18 ára, [...], var hún svipt sjálfræði í eitt ár að kröfu Hafnarfjarðarbæjar. Bærinn gerði í framhaldi af því þjónustusamning við [...] um rekstur búsetuúrræðis ákærðu og stuðning við hana frá 1. nóvember 2021 til 30. apríl 2022. Samkvæmt þeim samningi skyldi vera sólarhringsþjónusta við ákærðu alla daga vikunnar og starfsmaður eða starfsmenn dvelja hjá henni í búsetuúrræðinu öllum stundum. Í máli þessu er ákærðu gefin að sök stórfelld líkamsárás á þann starfsmann [...] sem var hjá henni 23. mars 2022.

II.

Lögreglurannsókn máls og önnur gögn

1.

Samkvæmt frumskýrslu lögreglumanns nr. 1, dagsettri 23. mars 2022, barst lögreglu tilkynning kl. 14:54 þann dag um að sjúkralið óskaði eftir aðstoð lögreglu að [...]. Komið hafi fram að ákærða hefði gengið í skrokk á starfsmanni [...] en sjúkralið hefði verið sent á vettvang vegna mögulegs heilablóðfalls. Lögreglumaður nr. 1 hafi farið á vettvang á lögreglubifreið 1 ásamt lögreglumanni nr. 2. Þá hafi áhöfn lögreglubifreiðar 2, nánar tiltekið lögreglumenn nr. 3 og 4, einnig farið á vettvang.

Í [...] hafi B, starfsmaður [...], tekið á móti lögreglu ásamt ákærðu sem sé í búsetuúrræði hjá [...]. Aðalheiður haft greint lögreglumönnum frá því að ákærða hafi ráðist á annan starfsmann, A (hér eftir nefnd brotaþoli), sem þegar hafi verið búíð að flytja með sjúkraflutningabifreið á slysadeild þegar lögregla hafi komið á vettvang. Aðalheiður hafi komið á vettvang þegar brotaþoli hafi verið komin inn í sjúkraflutningabifreiðina og náð að ræða þar stuttlega við hana.

Þá kemur fram í umræddri frumskýrslu að B hafi greint frá því að brotaþoli hafi verið ein með ákærðu vegna manneklu. Hún hafi sjálf farið frá þeim um kl. 12:30 og telji að árásin hafi átt sér stað skömmu eftir það. Ákærða hafi meinað brotaþola aðgang að

farsíma til að kalla eftir frekari aðstoð. Ekki sé alveg ljóst hvenær eða hvernig árásin hafi átt sér stað.

Lögregla hafi borið sakarefnið undir ákærðu á vettvangi eftir að henni hafi verið kynnt réttarstaða sakbornings en hún neitað að tjá sig. B hafi greint frá því að ákærða hafi gengið í skrokk á brotþola með því að slá höfði hennar í gluggakistu í íbúðinni. Brotþoli hrjáist af lömum öðrum megin í líkamanum eftir heilablóðfall en hafi verið í endurhæfingu og lömunin gengið að nokkru til baka. Hún væri þó enn með takmarkaða hreyfigetu í annarri hendinni. Brotþoli hafi tjáð B að hún fyndi ekki fyrir fótunum á sér er hún hafi legið í sjúkraflutningabifreiðinni. Þá hafi hún greint frá því að ákærða hafi verið tæp í skapi og hegðun undanfarna daga. Hún sé með tengslaröskun og sýni ofbeldishegðun, auk þess sem greining á „bipolar“ einkennum sé í ferli.

Loks kemur fram að ákærða hafi verið orðin róleg þegar lögregla hafi komið á vettvang. Fyrst hafi hún verið með stæla og leiðindi en látið af því þegar fleiri starfsmenn [...] hafi komið á vettvang. Ákærða hafi verið með nokkra skurði á hendi sem blætt hafi úr. Hún hafi hvorki viljað fá aðhlyningu vegna þessa né viljað svara spurningum um það hvernig hún hafi fengið áverkana. Ákærða hafi greint frá því að hún hafi bara farið í „blackout“ en að hún geri sér grein fyrir alvarleika málsins. Þá kemur fram að ákærða sé sjálfræðissvipt og hafi sjálf hringt í lögráðamann sinn. Hún hafi verið flutt á lögreglustöðina í Hafnarfirði og lögráðamaður hennar ætlað að koma þangað. Rannsóknarlögreglumáður nr. 1 hafi komið á lögreglustöðina og tekið við rannsókn málsins. Ekki sé vitað um alvarleika áverka brotþola þegar skýrslan sé rituð.

2.

Tekin var lögregluskýrsla af brotþola á slysadeild samdægurs og eru bæði samantekt þeirrar skýrslu og upptaka af henni á meðal framlagðra gagna. Við það tækifæri greindi brotþoli frá því að ákærða hefði verið búin að vera að rífast í henni frá því að hún hefði mætt í vinnuna kl. 8:00 um morguninn. Nánar aðspurð um það kvað hún ákærðu hafa verið ósátta við sig vegna atviks sem átt hefði sér stað um tveimur vikum fyrr. Um kl. 13:50 hafi þær svo ætlað að fara út í búð og brotþoli neitað að afhenda ákærðu innkaupakort. Við það hafi ákærða orðið reið og byrjað að hrinda henni. Brotþoli hafi þá spurt ákærðu hvort þær ættu að sleppa því að fara út en ákærða tekið því sem hótun og staðið fyrir henni og skipað henni að yfirgefa íbúðina þar sem hún vildi ekki hafa hana heima hjá sér. Brotþoli hafi neitað því og sagst ekki mundu fara fyrr en vinnudegi hennar lyki, kl. 16:00. Brotþoli hafi verið komin í úlpu þar sem þær hafi verið

á leið út í búð og ákærða rífið í úlpuna báðum megin við háls hennar. Svo hafi hún hent henni um sjö til átta sinnum upp að útidyrhurðinni en gert hlé þegar hún hafi séð börn ganga framhjá. Þá hafi hún horft á hana og sagt „jæja, ertu tilbúin í næsta“, talið upp að þremur, rífið í hana aftur, tekið skref áfram til að fá tilhlaup til að „dúndra“ henni enn fastar í útidyrhurðina.

Ákærða hafi verið búin að taka af brotapolu farsíma hennar og henda honum í klósettið þannig að hún hafi ekki getað hringt í neinn. Ákærða hafi jafnframt ætlað að henda tölvunni hennar fram af svölunum en horfið frá því þegar brotapolu hafi sagt henni að hún ætti ekki tölvuna heldur yfirmaður hennar. Brotapoli hafi að svo búnu farið inn í starfsmannaherbergi sem sé staðsett við hliðina á forstofunni, sest í sófa og sagt við ákærðu að þar mundi hún sitja þar til vinnudegi hennar lyki. Þá hafi ákærða byrjað að ýta henni í sófann. Svo hafi ákærða togað hana fram úr sófanum á fótunum þannig að hún hafi dottið á rassinn og fengið hnykk upp í bak. Ákærða hafi því næst dregið hana fram á fótunum og hún þá sparkað frá sér til að reyna að losa sig. Þegar þær hafi verið komnar fram í stofu hafi ákærða haldið henni niðri og reynt að skella höfðinu á henni í vegg. Ákærða sé mun stærri og þyngri en hún. Brotapoli hafi gefist upp á að reyna að losa sig enda hafi ákærða hert atlöguna þegar hún hafi reynt að svara fyrir sig.

Því næst hafi brotapolu farið aftur inn í áður greint starfsmannaherbergi og sest á ný í sófann og áréttað við ákærðu að þar skyldi hún bara sitja. Þá hafi ákærða tekið gleraugun hennar og sagst ætla að brjóta þau, auk þess að ögra henni á annan hátt. Síðan hafi ákærða tekið að ýta á enni hennar í því skyni að kanna hvort hnakki hennar mundi við það skella í gluggakistuna fyrir aftan hana. Ákærða hafi spurt hana hvað hún héldi að mundi gerast ef hnakki hennar skylli í gluggakistuna. Brotapoli hafi svarað því til að eflaust mundi hún meiða sig. Ákærða hafi þá ýtt nokkrum sinnum í enni hennar þannig að hún hafi skolið með hnakkann í gluggakistuna. Þó ekki mjög fast. Það hafi farið í taugarnar á ákærðu og hún þá rífið í hár brotapolu og skellt höfðinu á henni í gluggakistuna. Ákærða hafi svo endurtekið horft í augun á brotapolu og sagt „jæja, ertu tilbúin í næsta“, talið niður frá þremur og barið höfði hennar í gluggakistuna. Ákærða hafi dúndrað höfðinu á henni í gluggakistuna á að giska tólf sinnum.

Að þessu loknu hafi ákærða tosað brotapolu á lömuðu hendinni niður úr sófanum þannig að hún hafi lent á olnboganum á þeirri hendi og mjöðminni. Hún hafi svo sest ofan á hana í sófanum og spurt hana hvort hún vildi ekki setjast á gólfið. Þegar brotapolu hafi afþakkað það hafi ákærða sagst mundu hjálpa henni og hrint henni. Ákærða hafi

notað allt sitt afl til að hrinda henni utan í vegg, rífa í hárið á henni og grípa í axlirnar á henni. Hún sé bæði sterk og mun þyngri en brotaþoli. Svo hafi hún ítrekað ögrað brotaþola með niðurtalningu og spurningum um hvort hún væri tilbúin í næsta áður en hún hafi látið til skarar skríða.

Svo hafi brotaþoli sagt við ákærðu að hún væri hrædd um að hún væri að fá annað heilablóðfall. Ákærða þekki sögu hennar. Brotaþoli hafi verið byrjuð að titra og fundið að hún væri að missa máttinn. Þá hafi ákærða spurt hana hvort hún vildi ekki bara fara að grenja og minnt hana á að hún væri bundin þagnarskyldu um það sem gerðist inni á heimili ákærðu. Á endanum, þegar barsmíðarnar hafi verið búnar að standa yfir í einn og hálfan tíma eða svo, hafi ákærðu orðið ljóst að brotaþoli væri í reynd búin að missa máttinn og gæti ekki staðið upp. Þá hafi hún orðið hrædd og spurt brotaþola hvort hún ætti ekki að hringja í Neyðarlínuna. Ákærða hafi enn fremur sagt við brotaþola að markmið hennar hafi verið að höfuðkúpubrjóta hana. Brotaþoli viti að það sé ljótt af sér en að hún hafi svarað því til að það væri óskandi að hún mundi deyja í nótt, þá kannski mundi ákærða læra eitthvað af þessu. Því næst hafi ákærða hringt í Neyðarlínuna og sagt að manneskja sem væri að vinna hjá henni væri að fá heilablóðfall.

Aðspurð um það hvort eitthvað meira hafi gerst frá því ákærða hafi hringt í Neyðarlínuna og þar til sjúkralið hafi komið á vettvang sagði brotaþoli ákærðu ítrekað hafi farið út á svalir til að kanna hvort sjúkrabíllinn væri kominn. Þess á milli hafi hún selst við hliðina á brotaþola og sagt við hana að þetta hafi ekki verið hún, hún muni núna allt sem hafi gerst og skilji vel að brotaþoli vilji ekki tala við hana. Brotaþoli hafi bara svarað því til að það væri rétt hjá henni. Hún vilji ekki tala við hana. Þá kvað brotaþoli atlöguna hafa komið sér verulega á óvart. Þær ákærða þekkist ágætlega og samskipti þeirra hafi heilt yfir verið góð. Aðspurð um það hvort ákærða yrði oft svona reið greindi brotaþoli frá því að hún væri þriðji starfsmaður [...] sem ákærða hafi beitt ofbeldi. Þá greindi hún aðspurð frá því að hafa fengið heilablóðfall árið 2015. Hún hafi verið búin að jafna sig eftir það að öðru leyti en því að hún hafi verið með skerta hreyfigetu í vinstri hendi. Nú sé vinstri fótur hennar aftur orðinn lamaður. Þurft hafi að bera hana út í sjúkrabíllinn þar sem hún hafi ekki getað gengið. Þá kvaðst hún aðspurð sem stæði finna til í öllum líkamanum og að höfuð hennar væri afmyndað af kúlum. Henni væri mjög illt bæði í hálsinum og bakinu.

3.

Ákærða gaf enn fremur skýrslu hjá lögreglu samdægurs og eru bæði samantekt þeirrar skýrslu og upptaka af henni á meðal framlagðra gagna. Aðspurð kvaðst ákærða ekki vilja segja frá því hvað hafi gerst. Það eina sem hún hafi að segja sé að hún hafi verið búin að biðja brotþola um að fara nokkrum sinnum áður en þetta hafi gerst. Aðspurð um það af hverju hún hafi beðið brotþola um að fara sagði hún að sér hafi verið farið að líða illa og verið að verða reið. Hún hafi sofið illa og átt erfiða nótt. Hún hafi ítrekað beðið brotþola að fara en hún sagt nei og æst sig við hana. Að öðru leyti vildi ákærða lítið tjá sig. Hún kvaðst þó aðspurð hafa hringt í Neyðarlínuna þar sem brotþoli hefði beðið hana um að gera það.

Ákærða gaf aftur skýrslu hjá lögreglu 8. apríl 2022 og eru bæði samantekt þeirrar skýrslu og upptaka af henni einnig á meðal framlagðra gagna. Í þeirri skýrslu var fram-
burður brotþola borinn undir ákærðu en hún neitaði alfarið að tjá sig um bæði hann og annað. Í lok skýrslutökunnar kvaðst hún þó vera reiðubúin að undirgangast geðheil-
brigðisrannsókn.

4.

Hinn 27. apríl 2022 var C geðlæknir dómkvaddur til að framkvæma geðheilbrigðisrannsókn á ákærðu samkvæmt matsbeiðni lögreglustjórans á höfuðborgarsvæðinu og er matsgerð hans, dagsett 16. júní 2022, á meðal framlagðra gagna. Í henni kemur fram að matsmanni hafi verið falið að leggja mat á fjögur atriði. Í fyrsta lagi að framkvæma geðrannsókn á ákærðu og meta hvort hún hafi verið fær um, eða alls ófær um, að stjórna gerðum sínum í skilningi 15. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940 á þeim tíma sem hún hafi framið brot það sem henni sé gefið að sök. Í öðru lagi að leggja mat á hvort ástand ákærðu á þeim tíma sem hún hafi framið brot það sem henni sé gefið að sök hafi verið af þeim toga að hún hafi verið andlega miður sín, svo sem vegna vanþroska, hrörmunar, kynferðislegs misþroska eða annarrar truflunar, en ástand hennar hafi ekki verið á eins háu stigi og 15. gr. almennra hegningarlaga geti, og hvort henni skuli þá refsað fyrir brotin ef refsing sé talin geta borið árangur, sbr. 16. gr. sömu laga. Í þriðja lagi að lagt verði mat á geðrænt heilbrigði ákærðu og hvort refsing geti borið árangur samkvæmt 16. gr. almennra hegningarlaga eins og hagir hennar séu í dag. Í fjórða lagi að lagt verði mat á, ef talið verði að 15. eða 16. gr. almennra hegningarlaga eigi við um ákærðu, hvort nauðsynlegt þyki, vegna réttaröryggis, að gerðar skuli

ráðstafanir til að varna því að háski verði af ákærðu með því að hún sæti öruggri gæslu, eða hvort beita skuli vægari ráðstöfunum eða vistun á hæli, sbr. 62. og 63. gr. sömu laga.

Í matsgerð hins dómkvadda matsmanns er kafli sem ber yfirskriftina *viðtöl vegna atburðar*. Þar kemur fram að í fyrstu hafi ákærða ekki viljað tjá sig um atburðinn við matsmann. Í þriðja viðtali hafi hún svo komið óbeint að honum og sagt: „ég sprakk með A“. Í framhaldi af því hafi hún svo sagt: „ég bað hana að fara út“. Þá hafi ákærða sagt að það hafi verið mistök að skilja hana eina eftir með starfsmanni. Það eigi alltaf að vera tveir starfsmenn með henni. Í fjórða viðtali hafi ákærða tjáð sig frekar um atburðinn. Hún hafi sagt atburðinn eiga sér forsögu. Hún hafi verið fúl út í brotaþola vegna einhvers sem brotaþoli hafi sagt öðrum frá en fyrir það hafi brotaþoli þrætt. Morgunninn hafi verið fínn. Síðar um daginn hafi ákærða sagt brotaþola að fara en hún virt það að vettugi. Þá hafi ákærða tekið síma brotaþola og hent honum í klósettið. Eftir að hafa greint frá þessu hafi ákærða svo sagt: „Svo gerðist það sem gerðist.“ Hún hafi hins vegar ekki viljað segja nákvæmlega frá því sem hafi gerst. Hún hafi þó greint frá því að brotaþoli hafi sagt við hana: „ég vona að ég deyi við þetta og að þú finnur fyrir ...“. Þá hafi hún sagt að brotaþoli hafi einnig sparkað í sig og ráðist á sig. Hún geti sýnt matsmanni myndir af marblettum í síma sínum. Matsmaður hafi spurt hana hvort deilan hafi snúist um innkaupakort en ákærða neitað því. Ákærða hafi sagt brotaþola hafa nýtt sér stöðu sína gagnvart henni og litið niður á hana. Þá hafi hún sagt átökin hafa verið í lok dags og þau varað í 30–45 mínútur en ekki tvær klukkustundir líkt og brotaþoli haldi fram. Ákærða hafi sagst sjá eftir þessu en ekki ætla að biðjast afsökunar eða borga brotaþola skaðabætur. Þá hafi hún aðspurð sagst vita að brotaþoli hafi fengið heilablóðfall fyrir einhverjum árum og að önnur hönd hennar hafi verið „líkt og hún væri upp að líkama“. Annars hafi hún hreyft sig eðlilega. Þá hafi ákærða ásað [...] um að tíma ekki að eyða peningum í sálfræðiviðtöl fyrir sig og þess í stað látið brotaþola annast viðtöl við sig. Einnig hafi komið fram hjá henni að hún sé mjög ósátt við frétt í DV um málið og færslu brotaþola um það á Instagram. Loks hafi hún greint frá því að þegar umræddur atburður hafi átt sér stað hafi hún glímt við uppsafnaða reiði og sagt: „hvað var ég að þæla“ og: „ætli ég sé vond manneskja“. Í síðasta viðtali matsmanns við ákærðu hafi hún sagst sjá eftir þessu en talað um uppsafnaða reiði og að þetta væri einnig [...] að kenna. Henni finnist hafa verið logið um sig og að [...] hafi átt að bera ábyrgð á henni. Hún hafi ekki átt að vera ein með brotaþola og finnist hafa verið brotið á sér. Hún hafi orðið meyr og greint frá því að henni finnist [...] hafa komið illa fram við sig. Í niðurlagi umrædds kafla í

matsgerðinni kemur svo fram að matsmaður telji ljóst af svörum ákærðu að hún muni þokkalega hvað hún hafi gert en vilji lítið tala um það. Þá virðist reiði hennar í garð [...] spilla fyrir því að hún viðurkenni eftirsjá.

Í samantektarkafli aftast í matsgerð hins dómkvadda matsmanns kemur fram að ákærða hafi sýnt honum sæmilega samvinnu við geðskoðanir. Hún hafi beitt hegðun til að stjórna viðtölum. Hún hafi sagst vera kvíðin en sé almennt ekki sýnilega kvíðin. Á margan hátt hafi hegðun hennar verið fyrirséð en stundum hafi verið yfir henni leikrænn blær. Sumum spurningum hafi hún ekki viljað svara þótt hún hafi augljóslega getað það. Þá kemur fram að engar vísbendingar hafi verið um virk einkenni geðrofs, ranghugmynda, rugls eða ofskynjana við geðskoðanir matsmanns. Ákærða sé örugglega eðlilega gefin. Þekking hennar sé hins vegar háð hennar áhugasviðum og hæfileiki hennar til að lesa í félagslegar aðstæður líklega ekki góður. Viss merki um óyndi hafi komið fram hjá ákærðu en engin merki um geðhvarfasjúkdóm eða eiginlegan geðklofasjúkdóm. Hún glími hins vegar við ofvirkni og athyglisbrest. Ákærða hafi greinst með persónuleikaveilu, andfélagslegan persónuleika, þegar sem barn. Hún hafi flest merki um óstöðug geðbrigði („borderline“). Hegðun slíkra einstaklinga leiði oft til þess að aðrir gefist upp á þeim, verði meðvirkir eða missi sig í samskiptum við þá. Ákærða hafi viðurkennt fíkn í viss efni. Hún hafi þó haldið sér edrú á meðan á geðrannsókn hafi staðið. Gert hafi verið geðmat sem spannað hafi tæpar sex vikur. Hún hafi alls ekki sýnt nein merki þess að vera með sjálfstæðan geðrofssjúkdóm. Ákærða sé greinilega enn í vanda með sína hegðun. Hún hafi verið móttækileg fyrir meðferð á tímabili en virðist síðan hafa farið í mikla uppreisn í kringum 18 ára aldur. Síðustu ár hafi hún verið búsett á heimilum eða í meðferðarúrræðum og hafi því enn litla reynslu af því að standa á eigin fótum. Augljóst sé að sá atburður sem mál þetta varði hefði ekki átt að geta gerst hefðu allir aðilar hagað sér rétt.

Í niðurstöðukafli í umræddri matsgerð kemur svo fram að það sé niðurstaða dómkvadds matsmanns að ákærða sé örugglega sakhæf í skilningi 15. gr. almennra hegningarlaga. Hún hafi ekki sýnt nein merki geðrofs, sturlunar eða rugls. Grunnpersónuleiki ákærðu sé ekki eðlilegur. Hún hafi sýnt andfélagslega hegðun þegar sem barn og geri enn. Ekki komi þó fram örugg merki um svo alvarlega persónuleikaröskun, heilaskaða eða greindarskort að slíkt firri hana ábyrgð gerða sinna. Persónuleikaröskun, hvatvísi, ofbeldishegðun og sjálfsskaðahegðun séu sjaldnast ein og sér nægjanleg til að firra einstakling ábyrgð gerða sinna. Ákærða þurfi sérstök meðferðar- og búsetuúrræði. Hún ráði

illa við umhverfi þar sem margir séu. Hún þurfi skýran ramma og eftirlit sem og sálfræðilegan stuðning vissan part sólarhrings. Eðlilegast væri að búsetusveitarfélag hennar veitti henni áfram stuðning enda sé hún [...] og hafi aldrei verið ein. Slík úrræði séu til. Geðræn einkenni þau sem að framan sé lýst leiði ekki til ósakhæfis í skilningi 15. eða 16. gr. almennra hegningarlaga, hvorki þann dag sem atvik áttu sér stað né áður. Þau útiloki hvorki að fangelsisvist né refsing komi að gagni.

5.

Þá liggur frammi skýrsla rannsóknarlögreglumanns nr. 1 vegna málsins, dagsett 28. júní 2022. Í henni eru sex ljósmyndir af vettvangi. Á þeirri fyrstu má sjá forstofu [...]. Á annarri myndinni má sjá eldhús [...], á þeirri þriðju stofuna og á þeirri fjórðu herbergi það sem brotþoli nefndi í skýrslu sinni hjá lögreglu starfsmannaherbergi og staðsett er við hlið forstofunnar. Loks má á fimmtu og sjöttu myndinni sjá sólbekk undir glugga ásamt mælingu á þykkt hans.

Í umræddri skýrslu kemur svo fram að óskað hafi verið eftir lögreglu og sjúkraliði í húsnæði á vegum [...] að [...], [...], kl. 14:54 þann 23. mars 2022. Ákærða sem sé sjálfræðissvipt búi í íbúðinni og séu starfsmenn [...] þar með henni. Ákærða hafi hringt í Neyðarlínuna og óskað eftir aðstoð fyrir brotþola sem sé starfsmaður [...] og hafi verið með ákærðu umræddan dag. Ákærða sé grunuð um að hafa ráðist á brotþola og frelssvipt hana í íbúðinni. Brotþoli hafi verið flutt á slysadeild með lömum í vinstri fæti og áverka á líkama, aðallega höfði. Þær ákærða og brotþoli hafi verið einar í íbúðinni þegar meint árás hafi átt sér stað. Tveir starfsmenn eigi að vera með ákærðu en vegna manneklu hafi brotþoli verið ein með henni umræddan dag. Fleiri mál séu til rannsóknar hjá lögreglu þar sem ákærða sé grunuð um að hafa ráðist á starfsmenn [...]. Ákærða hafi verið flutt á lögreglustöð til skýrslutöku. Hún hafi ekki viljað tjá sig um málið að öðru leyti en að hún hafi greint frá því að hafa verið orðin reið og búin að biðja brotþola um að fara. Tekin hafi verið skýrsla af brotþola á slysadeild. Hún hafi greint frá því að ákærða hafi ráðist á sig í [...] og beitt hana ofbeldi í langan tíma áður en hún hafi hringt í Neyðarlínuna. Fyrst hafi ákærða tekið af henni símann og hent honum í klósettið. Rætt hafi verið við B, starfsmann og eiganda [...]. Hún hafi greint frá því að brotþoli hafi verið ein með ákærðu þennan dag vegna manneklu. Þá hafi hún greint frá því að hafa fengið skilaboð frá brotþola um að ákærða væri búin að „berja hana í klessu“. Engin ummerki um blóð eða annað hafi verið á vettvangi að sögn lögreglumanna en þar sem ekki hafi verið óskað eftir rannsóknarlögreglumanni á vettvang hafi verið farið þangað

síðar og myndir teknar. Ákærða hafi gengist undir geðheilbrigðisrannsókn og sé að mati C geðlæknis sakhæf.

6.

Á meðal framlagðra gagna er skjáskot af skilaboðasamskiptum úr síma B á milli hennar og brotaþola frá því kl. 15:01 þann dag sem umrætt atvik átti sér stað. Þau hefjast á því að brotaþoli sendir skilaboðin: „viltu svara X“. B svarar þá: „Ég er á fundi“, „Í símanum“, „Og dett endalaust út þegar hún hringir“ og „Hvað er í gangi????“. Því svarar brotaþoli: „Þwrg að segja þér“, „Er sð fara“, „Hringi á eftir“ og „Hún barði mig í klessu“. B svarar því svo: „Er a leiðinni“.

7.

Þá liggja frammi þrjú læknisvottorð fyrir brotaþola. Í fyrsta lagi er þar um að ræða læknisvottorð D, sérfræðilæknis á Bráðamóttöku, dagsett 2. apríl 2022. Í því kemur fram að brotaþoli hafi komið með sjúkrabifreið á Bráðamóttöku Landspítala – háskólasjúkrahúss í Fossvogi kl. 15:39 þann 23. mars 2022 í kjölfar líkamsárásar. Hún hafi fengið heilablóðfall árið 2015 og glímt við helftarlömun vinstra megin í kjölfar þess. Hún hafi lýst því að kvenkyns skjólstæðingur hennar í [...] hafi ráðist á hana, hrint henni upp að hurð og síðan upp að vegg, rifið á hárið á henni og skellt höfðinu á henni endurtekið í brúnina á gluggakistu. Hún hafi fengið hnykk á háls og aftan á bak. Umræddur skjólstæðingur sé um 160 kíló að þyngd. Átökin hafi staðið yfir frá því um kl. 14:00 til um kl. 15:30. Hún hafi ekki misst meðvitund og muni eftir öllu sem gerst hafi.

Þá er í vottorðinu lýst skoðun læknisins á brotaþola. Skoðun hafi leitt í ljós klórför í hársverði og á hálsi, 3–4 kútur í höfuðleðri, palpeymsli yfir vinstra kinnbeini og vinstri „mandibulu við TMJ“, eymsli í hnakkafestum og vöðvum háls hryggjar, palpeymsli yfir C6/C7 og L4/L5, skerta hreyfigetu um háls hrygg vegna stífleika, staðbundin eymsli á lærlegg vinstra megin, palpeymsli yfir „LCL“, gat í hljóðhimnu hægra megin, áberandi minnkaða krafta vinstra megin í líkamanum, minnkað snertiskyn vinstra megin í líkamanum, mar á hægri framhandlegg, skrámur og klórför á hægra handarbaki og bólgu og eymsli yfir „lateral malleolus“. Greiningar séu tognun og ofreynsla á axlarlið, tognun og ofreynsla á aðra ótilgreinda hluta lendarhryggs og mjaðmagrindar, tognun og ofreynsla á ökkla, tognun og ofreynsla á háls hrygg, tognun og ofreynsla á aðra ótilgreinda hluta hnés og grunur um taugakerfissröskun. Teknar hafi verið tölvusneiðmyndir af höfði, hálsi og andlitsbeinum sem og röntgenmyndir af lendarhrygg og ökkla. Ekki hafi fundist

nein áverkamerki í þeim rannsóknum. Á brotaþola hafi hins vegar verið sjáanleg áverkamerki og ljósmyndir teknar af þeim. Ekki hafi fundist skýring á versnandi lömun í vinstri fæti. Brotaþola hafi við útskrift verið ráðlagt að fara í sjúkrahjálfun og sækja eftirlit hjá sínum læknum.

Í öðru lagi liggur frammi vottorð E, lækni á Heilsugæslunni Sólvangi, dagsett 10. júlí 2022. Í upphafi þess kemur fram að umrætt vottorð sé unnið að beiðni lögreglustjórans á höfuðborgarsvæðinu. Fram kemur að eftir ítarlega yfirferð á sjúkraskrá brotaþola sé hægt að staðfesta það sem í því greini. Í því kemur svo í meginatriðum fram að fyrstu samskipti brotaþola við Heilsugæsluna Sólvangi í kjölfar árásarinnar hafi verið skilaboð á Heilsuveru 24. mars 2022 þar sem hún hafi óskað eftir viðtali og skoðun. Í þeim skilaboðum hafi auk annars komið fram að brotaþoli hafi daginn áður orðið fyrir stórfelldri líkamsárás og frelsissviptingu af hendi skjólstaðings við vinnu sína og fengið mörg þung höfuðhögg.

Brotaþoli hafi svo komið til viðtals og skoðunar hjá F heimilislækni 25. mars 2022. Þar hafi hún lýst því að skjólstaðingur hafi ráðist harkalega að sér með endurteknum höggum, slengt henni niður á gólf, barið höfðinu á henni við gluggakistu og sest ofan á hana eftir að hafa kastað henni í sófa. Hún sé mjög aum utan til um vinstra hné og klár aflögun sé á vinstri öxl. Hún glími við lömun í vinstri handlegg eftir blóðtappa 2015 en hafi verið búin að jafna sig vel í vinstri ganglim og verið farin að stunda hlaup. Við árásina hafi hún fundið mátt og tilfinningu hverfa úr vinstri ganglim og hafi komið á heilsugæslu í hjólastól. Hún hafi kveinkað sér mjög við léttu snertingu víða um höfuð og háls en hvorki sjáist sár né mar á höfði. Pantar hafi verið röntgenmyndir en engin brot eða önnur áverkamerki greinst á beinum eða liðum.

Þá kemur fram að brotaþoli hafi komið til viðtals og skoðunar hjá þeim lækni er vottorðið riti 1. apríl 2022. Hún hafi komið í hjólastól. Hún hafi greint frá því að vera með verki á mjaðmasvæði eftir árásina. Hún sé sérstaklega slæm á vinstri hlið. Hún geti staðið hjálparlaust upp úr hjólastólnum en þurfi að styðja sig við hann. Hún hafi verið hvellaum við alla þreifingu yfir spjaldbeini og út á mjaðmakamba. Mar hafi ekki verið sjáanlegt. Þá hafi þær m.a. rætt andlega líðan brotaþola. Hún hafi greint frá því að vera hrædd og sofa illa í kjölfar árásarinnar og sé byrjuð í áfallaviðtölum. Þann 8. apríl 2022 hafi brotaþoli farið í segulómun á heila. Engar ferskar breytingar hafi verið að sjá. Hún hafi enn fremur farið í segulómun á hnélið. Engin áverkamerki hafi verið sjáanleg.

Þá hafi brotaþoli komið til viðtals og skoðunar hjá þeim lækni er vottorðið riti 25. apríl 2022. Við það tækifæri hafi hún lýst snarversnandi lömunareinkennum í kjölfar árásarinnar. Þann 21. maí 2022 hafi brotaþoli farið í segulómun á lendarhrygg sem hafi leitt í ljós minniháttar afturbungun. Einnig hafi hún farið í segulómun á mjaðmagrind og vinstri mjöðm. Engar sjúklegar breytingar hafi greinst. Loks kemur fram að sá læknir er vottorðið riti hafi átt langt samtal við brotaþola 16. júní 2022 um líðan hennar. Hún hafi lýst því að vera mjög verkjuð alla daga og sofa illa. Þá hafi hún lýst vaxandi depurð og einangrun og greint frá því að vera komin til sálfræðings.

Í þriðja lagi liggur svo frammi áverkavottorð E, læknis á Heilsugæslunni Sólvangi, til Sjúkratrygginga Íslands, dagsett 10. júlí 2022. Í því er að verulegu leyti vísað til þess sem fram kemur í framangreindu vottorði. Þá kemur þar fram að brotaþoli sé óvinnufær og hafi verið það frá 23. mars 2022. Lömunareinkenni hennar hafi augljóslega versnað í kjölfar umræddrar líkamsárásar sem og einkenni þunglyndis og kvíða. Þá sé hún með dreifða verki sem sé mikil breyting frá því fyrir árásina. Loks hafi svefntruflanir ágerst. Von sé um að bati náist að hluta með tíð og tíma, lyfjameðferð, sjúkrapjálfun og sálfræðimeðferð. Óvíst sé þó hvort brotaþoli ná aftur fyrri styrk og líðan.

8.

Enn fremur liggja frammi annars vegar sálfræðimat, dagsett 1. mars 2023, og hins vegar taugasálfræðimat, dagsett 21. desember 2023, á brotaþola unnin af G, sérfræðingi í klínískri sálfræði.

Í samantekt og álit í niðurlagi umrædds sálfræðimats kemur fram að fyrir árásina hafi brotaþoli verið í krefjandi vinnu, stundað líkamsrækt og hlaup og verið virk félagslega. Þá hafi hún verið sjálfstæð með allar athafnir daglegs lífs. Eftir árásina hafi brotaþoli þurft aðstoð við þær athafnir, einangrast félagslega og glímt við alvarleg langvarandi heilahristingseinkenni. Einkenni áfallastreitu og þunglyndis séu enn mikil og truflandi. Ljóst sé að verulegt færnitap hafi orðið eftir árásina og að brotaþoli muni þurfa áframhaldandi meðferð og þjónustu til að ná fyrri færni. Það sé mat umrædds sálfræðings að skert starfsgeta, vanlíðan og skert geta til að sinna athöfnum daglegs lífs sé bein afleiðing árásarinnar. Erfitt sé að segja til um það hvort brotaþoli muni aftur ná fyrri færni en með góðum stuðningi og réttri meðferð séu þó allar líkur á því að hún muni ná einhverjum bata. Gera megi ráð fyrir að það ferli taki langan tíma. Mikilvægt sé að brotaþoli fái

áfram viðunandi meðferð og endurhæfingu sem feli í sér lækniþjónustu, sjúkraþjálfun, sjónþjálfun, sálfræðimeðferð og þjálfun hugarstarfs.

Í samantekt og álit í niðurlagi framangreinds taugasálfræðimats kemur fram að á heildina litið mælist hugræn geta brotaþola skert. Samræmi sé í því sem hún lýsi og því sem komi fram á taugasálfræðilegum prófum. Brotaþoli lýsi víðtækum hugrænum vanda sem hafi áhrif á flest í hennar daglega lífi. Erfitt sé að segja til um hvort slök frammistaða á taugasálfræðilegum prófum sé varanleg þar sem heilahristingseinkenni séu enn töluverð. Hins vegar sé það langt um liðið frá árásinni og vandinn enn það umfangsmikill að ekki sé hægt að útiloka að hugræn skerðing sé varanleg. Mikið fall hafi orðið á getu brotaþola til að sinna vinnu, áhugamálum, heimilisstörfum, hreyfingu og félagslífi eftir árásina. Það sé margt í lýsingu brotaþola, niðurstöðum prófa og matskvarða sem bendi til þess að hugrænn vandi trúfli verulega daglega færni hennar og hafi þannig neikvæð áhrif á lífsgæði. Því liggi beinast við að telja að um sé að ræða ákominn heilaskaða eftir árásina og að hún sé enn að takast á við afleiðingar þess í dag.

9.

Loks liggur frammi sérfræðilegt álit H læknis og I lögmanns um örorku- og miskastig brotaþola og aðra þætti samkvæmt ákvæðum skaðabótalaga nr. 50/1993, dagsett 11. júní 2024. Í niðurstöðukafla þess álits kemur fram að það sé álit þeirra sem það unnu að við líkamsárásina 23. mars 2022 hafi brotaþoli hlotið versnun fyrri einkenna er varði helftarlömum af völdum heilablóðfalls, hún hafi hlotið höfuðhögg og búi við aukin einkenni mígrenis eftir atvikið og heilkenni eftir heilahristing ofan á fyrri einkenni. Þá hafi hún orðið fyrir áfalli og hafi um tíma uppfyllt skilmerki áfallastreituröskunar. Þeir mátu tímabundna óvinnufærni og atvinnutjón brotaþola 100% frá 23. mars 2022 til 23. mars 2023, tímabil þjáninga án rúmlegru frá 23. mars 2022 til 23. mars 2023, að stöðugleikapunkti hafi verið náð 26. apríl 2024, varanlegan miska brotaþola 35 stig og varanlega örorku hennar 40%.

10.

Að endingu lagði verjandi ákærðu fram fjölda gagna um meðferð máls ákærðu hjá barnaverndaryfirvöldum. Um er að ræða ákvarðanir, margvíslegar greinargerðir, áætlanir, dagála, bakvaktarskýrslur, tilkynningar, ýmis vottorð frá Göngudeild BUGL, dagbókarfærslur lögreglu og skýrslur frá [...]. Þá lagði verjandi ákærðu fram úrskurð Héraðsdóms Reykjaness 19. nóvember 2021 í máli nr. [...] þar sem ákærða var svipt sjálfræði í tólf mánuði og þjónustusamning Hafnarfjarðarbæjar við [...] um rekstur

búsetuúrræðis ákærðu og þjónustu við hana frá 1. nóvember 2021 til 30. apríl 2022. Enn fremur lagði verjandi ákærðu fram dagnótur Hafnarfjarðarbæjar vegna ákærðu frá tímabilinu 16. maí 2022 til 18. desember 2024 sem og tilvísun fyrir hana í starfsendurhæfingu, dagsetta 24. nóvember 2023. Loks lagði verjandi ákærðu fram færslur brotaþola um mál þetta á Facebook sem og umfjöllun fjölmiðla um það. Ekki er þörf á að rekja efni þessara gagna umfram það sem gert er í kafla I. hér að framan.

III.

Framburðir ákærðu og vitna fyrir dómi

1.

Ákærða kom fyrir dóminn 13. desember 2024, neitaði sök og hafnaði framkominni bótakröfu brotaþola. Við aðalmeðferð málsins áréttaði ákærða þá afstöðu sína.

Í framburði ákærðu fyrir dómi kom fram að hún hefði vaknað í slæmu skapi umræddan dag. Allt frá því að brotaþoli hafi mætt til vinnu þennan morgun hafi hún verið að reyna að tala við ákærðu en ákærða viljað fá frið og farið inn í herbergi. Þeim hafi almennt komið ágætlega saman. Brotaþoli hafi þó verið uppáþrengjandi og sífellt viljað vera að tala við ákærðu. Hún hafi iðulega komið inn í herbergi til ákærðu þegar ákærða hafi viljað fá að vera í friði.

Brotaþoli hafi verið ein með ákærðu þennan dag að eigin ósk. B hafi litið inn til þeirra um kl. 11:00 en bara stoppað stutt. Ákærða hafi svo farið í langa sturtu. Að henni lokinni hafi hún komið fram og brotaþoli þá verið með innkaupakort og stungið upp á því að þær færu saman í búðina. Ákærða hafi tekið því fálega og sagst geta farið með „hinni vaktinni“. Brotaþoli hafi þá elt ákærðu inn í herbergi og ákærða ýtt henni út úr herberginu. Hún muni ekki hvort það hafi verið með annarri hendinni eða báðum höndum. Þá muni hún ekki hvort brotaþoli hafi dottið eða bara hrökklast eitthvað aftur á bak. Hún muni svo ekki nákvæmlega hvað hafi gerst í framhaldinu. Þær brotaþoli hafi skipst á einhverjum orðum en hún muni ekki nákvæmlega hvað þær hafi sagt hvor við aðra. Ákærða hafi sjálf verið skíthrædd enda hafi hún vitað að slæm hegðun af hennar hálfu hefði í för með sér refsingu. Slík refsing hafi oft verið fólgin í því að hún mátti ekki fara út, ekki hafa síma, ekki hafa samband við móður sína eða eitthvað annað viðlíka. Um það hafi brotaþoli haft ákvörðunarvald. Hún hafi í raun bara viljað að brotaþoli færi út úr herberginu hennar. Brotaþoli hafi ekki verið að virða hennar rými. Í framhaldi af þessu hafi ákærða „panikkað“ og tekið símann af brotaþola og hent honum í klósettið. Hún hafi haldið að brotaþoli ætlaði að hringja í yfirmann sinn. Svo hafi ákærða séð

brotapola sitjandi í sófa inni í starfsmannaherbergi með tölvu og farið til hennar. Hún hafi tekið í hornið á tölvunni og reynt að snúa henni. Brotapoli hafi þá sparkað í ökkklann og sköflunginn á ákærðu á að giska fimm sinnum og ákærða ósjálfrátt slegið frá sér og slegið brotapolu í andlitið. Brotapoli gæti hafa farið með höfuðið í gluggakistuna. Ákærða hafi verið nýbúin að vera í aðgerð á fæti og því brugðið við spörkin. Aðspurð kvaðst ákærða hafa slegið brotapolu einu sinni og farið svo út úr herberginu. Svo hafi brotapoli öskrað og ákærða þá farið aftur inn til hennar. Þá hafi brotapoli sagt að eitthvað væri að leka úr nefinu á henni, hún væri að fá heilablóðfall og beðið ákærðu að hringja á sjúkrabíl. Það hafi ákærða gert.

Aðspurð kvaðst ákærða ekki kannast við að til átaka hafi komið á milli hennar og brotapolu í forstofu íbúðarinnar. Þá kvaðst hún ekki kannast við að hafa togað í fætur brotapolu þannig að hún hafi dottið fram úr sófanum eða að hafa dregið hana fram. Aðspurð kvaðst hún ekki heldur kannast við að hafa rifið í hárið á brotapolu, barið höfðinu á henni ítrekað í gluggakistuna eða talið niður og spurt brotapolu hvort hún væri tilbúin í næsta. Þá kvaðst hún ekki kannast við að hafa sagt neitt af því sem brotapoli hafi lýst. Aðspurð kvaðst ákærða hafa vitað að brotapoli væri lömuð á hendi. Aðspurð um það hvað hún hafi verið að gera á meðan þær hafi beðið eftir sjúkrabílnum kvaðst ákærða hafa verið á flandri um íbúðina. Hún muni eftir því að brotapoli hafi sagt við hana að hún vonaðist til þess að hún væri að deyja og að ákærða mundi láta sér það að kenningu verða.

Borið var undir ákærðu það sem fram kemur í matsgerð dómkvadds matsmanns að hún hafi sagt um atvikið við hann og kannaðist hún við að það væri rétt eftir sér haft. Þá greindi ákærða frá því að hafa verið allt önnur manneskja á þeim tíma. Hún hafi verið í neyslu. Hún hafi ekki treyst neinum enda verið orðin vön því að það sem hún segði skipti engu máli. Hún hafi átt það til að taka á sig sök vegna einhvers sem hún hafi ekki gert. Hún hafi því ekki verið í réttu hugarástandi þegar hún hafi tjáð sig við matsmann. Þá viðurkenndi ákærða að hún hefði átt það til að springa þegar hún hefði ekki fengið að vera í friði. Það sem fram komi í dagbókarfærslum um að hún hafi áður veist að starfsmönnum [...] sé þó ekki fyllilega rétt. Það hafi bara ekki verið á hana hlustað. Hún hafi ekki beitt starfsmenn [...] meira ofbeldi en þeir hafi beitt hana. Loks kom fram í framburði ákærðu að henni liði vel í dag. Hún byggi nú ein, væri edrú og gengi til sálfræðings.

2.

Brotapoli greindi frá því fyrir dómi að hún hefði mætt í vinnuna kl. 8:00 umræddan dag. Ákærða hafi verið vöknuð og verið í vondu skapi og æst. Um hafi verið að ræða skap sem þau sem með henni hafi unnið hafi þekkt vel. Ákærða hafi farið að rífast í brotþola vegna ýmissa atriða. Hún hafi m.a. verið reið vegna dagbókarfærslu og haldið því fram að brotþoli væri að ljúga til um að kannast ekki við umrædda færslu. Þær hafi hringt í B um kl. 11:00. Hún hafi komið til þeirra í framhaldi af því og útskýrt tilkomu þessar dagbókarfærslu fyrir ákærðu og farið svo aftur um kl. 12:15. Nokkru síðar hafi þær svo ætlað út í búð. Ákærða hafi viljað fá innkaupakort í eigu [...] afhent en brotþoli neitað henni um það. Við það hafi ákærða reiðst. Þá hafi brotþoli tjáð ákærðu að þær gætu ekki farið út í búð á meðan hún væri svona æst og ætlað að fara að sækja tölvuna sína. Hún hafi verið komin í úlpu og skó þar sem þær hafi verið á leið út í búð. Ákærða hafi meinað henni að fara inn í stofu að sækja töskuna sína, hrint henni inn í forstofu og sagt meiðandi hluti við hana. Hún hafi svo tekið í úlpuna hennar báðum höndum og skellt höfðinu á henni ítrekað í útidyrhurðina og vegginn í forstofunni. Hún hafi tekið tilhlaup til að skellurinn yrði þyngri. Inn á milli hafi hún gert hlé og sagt „jæja, ertu tilbúin í næsta“. Það hafi hún gert þegar hún hafi orðið vör við mannaferðir fyrir utan. Ákærða hafi svo hrint brotþola inn í starfsmannaherbergi sem sé við hliðina á forstofunni og í sófa sem þar sé þannig að hún hafi legið á hliðinni í sófanum. Að svo búnu hafi ákærða krosslagt fætur brotþola og sest ofan á hana, hossað sér ofan á henni, sagt niðrandi hluti við hana, kýlt hana í síðuna og slegið hana í andlitið. Svo hafi ákærða togað brotþola niður úr sófanum á vinstri hendinni og brotþoli lent á vinstri öxlinni á gólfinu. Brotþoli hafi svo farið aftur upp í sófann, ákærða þá dregið hana niður úr honum á ökkulunum, hún lent á rassinum á gólfinu, ákærða dregið hana fram og skellt höfðinu á henni í vegg. Brotþoli hafi þá sparkað frá sér til að losa sig og náð að standa upp en ákærða ýtt henni aftur í gólfið. Svo hafi brotþoli komist aftur inn í starfsmannaherbergi og sest í sófann. Á þeim tímapunkti hafi ákærða verið búin að taka símann hennar og setja hann í klósettið. Það hafi hún gert áður en hún hafi fyrst veist að henni inni í starfsmannaherbergi. Ákærða hafi svo komið á eftir henni inn í starfsmannaherbergi og hún setið í sófanum þegar ákærða hafi komið þar inn. Ákærða hafi þá spurt hana hvernig brotþoli héldi að það væri ef ákærða mundi ýta höfðinu á henni í gluggakistuna. Brotþoli hafi svarað því til að það yrði örugglega vont. Þá hafi ákærða ýtt höfðinu á henni í gluggakistuna. Fyrst hafi brotþoli náð að ýta á móti og það farið í taugarnar á ákærðu. Hún hafi þá rifið brotþola

upp á hárinu og slengt höfðinu á henni í gluggakistuna aftur og aftur. Inn á milli hafi hún gert hlé og spurt brotþola hvort hún væri tilbúin í næsta og talið niður svo frá þremur áður en hún hafi slengt höfði hennar í gluggakistuna á ný. Brotþoli hafi nánast misst allt hárið öðrum megin í kjölfarið. Á einhverjum tímamarki á meðan á þessu hafi staðið hafi ákærða lokað glugganum svo ekki heyrðist út á götu þegar brotþoli gargaði. Eftir svona tíu högg hafi ákærða svo spurt hana hvort hún vildi ekki bara fara að grenja eins og smábarn. Þá hafi ákærða hóttað því að drepa hana og sagt að markmið sitt væri að höfuðkúpubrjóta hana. Brotþoli hafi svo fundið að hún var búin að missa mátt, ákærða áttað sig á því og þá hringt á sjúkrabíl. Ákærða hafi svo talað eitthvað við hana á meðan þær hafi verið að bíða eftir sjúkrabílnum og m.a. minnt hana á að hún væri bundin þagnarskyldu. Þá hafi hún sagt við hana eitthvað á þá leið að hún myndi núna hvað hefði gerst og skildi vel að brotþoli vildi ekki tala við hana.

Aðspurð kvað brotþoli engin átök hafa átt sér stað í svefnherbergi ákærðu og að hún hafi ekki farið þar inn. Þá kvaðst brotþoli ekki á nokkrum tímamarki hafa sparkað í ákærðu inni í starfsmannaherbergi. Hún hafi eingöngu sparkað frá sér á meðan ákærða hafi verið að draga hana. Þá kvað hún ákærðu hafa farið ofan í vasa hennar og tekið símann hennar. Brotþoli hafi ekki átt roð í ákærðu sem hafi verið mun stærri um sig á þessum tíma og verið hátt í 100 kílóum þyngri en brotþoli. Þá greindi brotþoli aðspurð frá því að hún hefði náð að senda B skilaboð úr tölvunni sinni um það sem hefði gerst á meðan þær hefðu verið að bíða eftir sjúkrabílnum. Aðspurð kvaðst brotþoli hafa verið ein með ákærðu annan hvern miðvikudag. Samskipti þeirra fram að þessu hafi verið mjög góð. Lögráðamaður ákærðu hafi farið fram á að eingöngu einn starfsmaður væri með henni á stundum í því skyni að aðlaga hana út í lífið. Hún hafi sjálf hvorki tekið þá ákvörðun né sóst eftir því að vera ein með ákærðu. Sú ákvörðun hafi verið tekin af stjórnendum [...]. Þennan tiltekna miðvikudag hafi hún hins vegar verið ein með ákærðu þar sem sá starfsmaður sem átt hafi að vera með henni á vakt hafi verið veik. Þá var lýsing ákærðu á atvikum umræddan dag borin undir brotþola. Hún kvað hana ekki eiga sér neina stoð í raunveruleikanum. Þá lýsti hún því að ákærða hefði verið mjög róleg á meðan á atlögunni hefði staðið, einbeitt og ógnvekjandi.

Loks lýsti brotþoli þeim afleiðingum sem árásin hafi haft í för með sér fyrir hana. Hún hafi lamast á vinstri fæti, sé tilfinningalaus fyrir neðan hné, sé með svokallaðan „droppfót“, sé með stanslausa verki, sé búin að fara í nokkrar aðgerðir og ítrekað í

sprautur. Hún hafi unnið að því hörðum höndum allt frá því að hún hafi fengið heilablóðfall að byggja sig upp og upplifi nú fullkomið bakslag. Þá sofi hún illa, fái martraðir, upplifi kvíða og mikla hræðslu og andlegar afleiðingar árásarinnar séu því verulegar. Fyrir árásina hafi hún verið með fulla starfsorku og mjög virk félagslega. Öðru máli gegni hins vegar nú. Að endingu kvað brotapolí þá sérfræðilegu álitsgerð um miska- og örorkustig hennar sem liggja fyrir í málinu ekki vera endanlega.

3.

B lýsti því fyrir dómi að brotapolí hafi haft samband við hana að morgni umrædds dags. Hún hafi þá greint vitninu frá því að ákærða væri æst og hún farið til þeirra í kjölfarið. Ákærða hafi róast á meðan vitnið hafi verið hjá þeim, hún svo farið og þær ákærða og brotapolí ætlað að fara í Bónus. Nokkru síðar hafi ákærða svo hringt ítrekað í hana en hún ekki getað svarað. Brotapolí hafi þá sent henni skilaboð og beðið hana um að svara ákærðu. Hún hafi gert það í framhaldinu og ákærða þá greint henni frá því að hún héldi að brotapolí væri að fá heilablóðfall. Hún hafi þegar farið á vettvang. Þegar hún hafi komið hafi sjúkrabíll verið kominn á staðinn. Hún hafi farið inn í íbúð ákærðu og lögregla þá verið komin á vettvang. Ákærða hafi virkað köld og róleg. Þá greindi vitnið frá því að hún hafi rætt þetta við ákærðu nokkru síðar. Hún muni ekki nákvæmlega hvað þeim hafi farið á milli en að hún hafi skilið ákærðu þannig að hún teldi sig ekki hafa gert neitt rangt. Loks greindi vitnið frá því að ákærða hafi alltaf verið krefjandi. Hún hafi bæði beitt ofbeldi og sýnt af sér ýmsa ögrandi hegðun. Starfsmenn [...] hafi því margir verið smeykir við hana. Aðspurð kvaðst hún ekki geta svarað því af hverju brotapolí hafi verið ein með ákærðu umræddan dag. Sá starfsmaður sem hafi átt að vera með brotapolí á vakt hafi verið heima með veikt barn. Að endingu kvaðst hún aðspurð ekki minnst þess að ákærða hafi verið með einhverja áverka þegar hún hafi komið á vettvang.

4.

C geðlæknir kom fyrir dóminn í gegnum fjarfundarbúnað og staðfesti matsgerð sína sem fjallað er um í kafla II.4. hér að framan og svaraði spurningum um efni hennar. Aðspurður um það sem haft er eftir ákærðu í þeim kafla matsgerðarinnar sem ber yfirskriftina *viðtöl vegna atburðar* staðfesti matsmaður að þar hefði hann eingöngu greint frá því sem hún hafi tjáð honum um atburðinn. Hún hafi fyrst verið í vörn en síðan smám saman farið að treysta honum og opnað sig. Í lokin hafi hún viðurkennt fyrir honum að hún sæi eftir þessu. Hún hafi bara sprungið af reiði og farið hamförum. Þá gerði

matsmaður almenna grein fyrir vanda ákærðu. Hún eigi erfitt með margmenni og þoli illa að vera stýrt um of þótt hún þurfi eðli máls samkvæmt ákveðinn stuðning. Ákærða eigi ekki við neinn vitsmunavanda að etja. Þvert á móti sé hún bráðgreind og geti vel lært. Því sé einkar mikilvægt að styðja hana til náms. Ef hún hagi lífi sínu rétt og fái viðeigandi stuðning hafi hún alla burði til að standa sig vel. Aðspurður um það sem fram komi í samantektarkafli matsgerðarinnar, um að þessi atburður hefði ekki átt að geta gerst hefðu allir aðilar hagað sér rétt, kvaðst hann einkum byggja þá staðhæfingu á því að brotaþoli hefði aldrei átt að vera ein með ákærðu.

5.

Bæði D, sérfræðilæknir á Bráðamóttöku, og E, læknir á Heilsugæslunni Sólvangi, komu fyrir dóminn, E í gegnum fjarfundarbúnað, og fóru yfir efni læknisvottorða sinna sem gerð er grein fyrir í kafla II.7. hér að framan og greindu frá aðkomu sinni að málum brotaþola. Í vitnisburði D kom auk annars fram að þeir dreifðu áverkar sem verið hafi á brotaþola við komu hennar á Bráðamóttöku umrætt sinn samræmist vel lýsingu hennar á atvikum sem og að allir umræddir áverkar hafi verið nýir. Að öðru leyti eru ekki efni til að rekja framburði umræddra vitna fyrir dómi.

6.

Þá kom G, sérfræðingur í klínískri sálfræði, fyrir dóminn og gerði grein fyrir bæði sálfræðimati og taugasálfræðimati sínu á brotaþola sem fjallað er um í kafla II.8. hér að framan. Í vitnisburði hennar kom m.a. fram að brotaþoli glími við alvarleg langvarandi heilahristingseinkenni. Ítrekuð höfuðhögg geri bataferli af slíku lengra en ella. Hún hafi fyrst hitt brotaþola um tveimur mánuðum eftir árásina og geti því ekki sagt til um það af eigin raun hvernig ástand hennar hafi verið áður. Þá hafi hún síðast hitt brotaþola fyrir einu og hálfu ári síðan og geti því ekki borið um ástand hennar í dag.

7.

H læknir gaf vitnaskýrslu fyrir dómi í gegnum síma og gerði grein fyrir sérfræðilegu álitu sínu og I lögmans um örorku- og miskastig brotaþola og aðra þætti samkvæmt ákvæðum skaðabótalaga sem fjallað er um í kafla II.9. hér að framan. Í vitnisburði hans kom auk annars fram að umrætt álit hefði verið unnið að beiðni váttryggingafélags og lögmans brotaþola í tengslum við uppgjör bóta til hennar. Þeir hefðu fengið beiðnina rúmlega einu og hálfu ári eftir atvikið og ekki talið tímabært að leggja mat á afleiðingar þess fyrr en nokkru síðar. Um sé að ræða afleiðingar höfuðhöggs, svokölluð heilahristingseinkenni, andlegar afleiðingar auk þess sem fyrri einkenni

helftarlömunnar hafi versnað við það áfall sem hún hafi fengið. Allt séu þetta afleiðingar árásarinnar, hvernig svo sem á það sé litið. Þá kvað hann ekki rétt sem fram komi í álitsgerð þeirra, að þeir telji brotþola aldrei eiga afturkvæmt á vinnumarkað. Þvert á móti geri þeir ráð fyrir að hún muni með tíð og tíma geta snúið aftur á vinnumarkað eins og niðurstöður þeirra beri raunar vott um.

8.

Loks komu lögreglumaður nr. 1 og rannsóknarlögreglumaður nr. 1 fyrir dóminn, gerðu grein fyrir aðkomu sinni að málinu og staðfestu efni þeirra lögregluskýrslna sem frá þeim stafa og gerð er grein fyrir í köflum II.1. og II.5. hér að framan. Aðspurð kvaðst lögreglumaður nr. 1 ekki muna nákvæmlega hvernig þau sár sem greinir í frumskýrslu hennar að hafi verið á höndum ákærðu hafi verið. Þá kvað hún engin ummerki um átök hafa verið á vettvangi. Að öðru leyti eru ekki efni til að rekja framburði þeirra fyrir dómi.

IV.

Málatilbúnaður ákærvaldsins og ákærðu

1.

Af hálfu ákærvaldsins er á því byggt að fyrir liggi stöðugur og trúverðugur framburður brotþola allt frá upphafi um sakagiftir samkvæmt ákæru, sem samrýmist fyrirbyggjandi vottorðum og álitni lækna og mati sálfræðings sem og vætti þeirra fyrir dómi, auk þess sem hann fái stoð í skilaboðasamskiptum brotþola við vitnið B þegar í kjölfar árásarinnar. Á móti standi ótrúverðugur framburður ákærðu sem hafi fyrir dómi neitað sök og borið brotakennt um atvik. Af framburði hennar sé þó ljóst að eitthvað hafi komið upp þótt hún hafi verið afdráttarlaus um að hafa einungis veitt brotþola eitt högg. Hún hafi neitað að tjá sig við lögreglu á rannsóknarstigi en þó greint frá því að hún hafi ítrekað verið búin að biðja brotþola að fara. Hún hafi svo tjáð sig að einhverju leyti við dómkvaddan matsmann. Af því sem haft sé eftir henni í matsgerð hans sé ljóst að hún geri sér grein fyrir því að hún hafi farið yfir einhver mörk þótt hún hafi dregið verulega úr sínum þætti líkt og framlögð gögn beri vott um að hún hafi tilhneigingu til að gera. Þá sé ekkert fram komið sem gefi tilefni til að ætla að um neyðarvörn hafi verið að ræða. Með trúverðugum framburði brotþola, sem auk þess fái stoð í sýnilegum sönnunargögnum og vitnisburðum fyrir dómi, sé þannig komin fram lögfull sönnun um sekt ákærðu og því beri að sakfella hana samkvæmt ákæru.

2.

Af hálfu ákærðu er á því byggt að ósannað sé að hún hafi ráðist á brotaþola með þeim hætti sem lýst sé í ákæru. Ákærða hafi gengist við því að minniháttar átök hafi átt sér stað milli hennar og brotaþola en þau hafi ekki verið í nokkru samræmi við það sem ákærðu sé í máli þessu gefið að sök. Mikið ósamræmi sé í framburði brotaþola um atvik og framburður hennar ótrúverðugur. Engin vitni hafi verið á staðnum og um atvik standi því orð gegn orði. Mjög hljóðbært sé á milli íbúða og stórir gluggar á þeim rýmum sem brotaþoli kveði árásin hafa átt sér stað í. Hafi árásin verið af þeirri gráðu sem brotaþoli lýsi sé því útilokað að enginn hafi orðið hennar var. Þá séu þeir smávægilegu áverkar sem sjáanlegir hafi verið á brotaþola samkvæmt læknisfræðilegum gögnum málsins ekki í nokkru samræmi við lýsingu hennar á atvikum. Enn fremur sé sönnunargildi framlagðs sérfræðilegs álits um örorku- og miskastig brotaþola sérstaklega mótmælt enda hafi þess verið einhliða aflað af brotaþola sem og því að ákærða verði látin bera ábyrgð á þeim mikla skaða sem brotaþoli kveðist hafa orðið fyrir, þ.e. versnun eldri kvilla. Sé því með öllu ósannað að ákærða hafi með vísvitandi líkamsárás af ásetningi eða gáleysi valdið brotaþola stórfelldu líkams- eða heilsutjóni. Loks sé byggt á því að rétt sé að líta til sjónarmiða um neyðarvörn þannig að brot ákærðu sé refsilaust teljist það sannað. Ákærða hafi í ljósi sögunnar óttast að atvik væru að þróast á versta veg þennan dag og því eigi við ákvæði 12. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940.

V.

Niðurstaða

1.

Samkvæmt 108. gr. laga nr. 88/2008 um meðferð sakamála hvílir sönnunarbyrði um sekt ákærða og atvik sem telja má honum í óhag á ákæruvaldinu og verður ákærði því aðeins sakfelldur að nægileg sönnun, sem ekki verði vefngd með skynsamlegum rökum, teljist fram komin um hvert það atriði er varðar sekt, sbr. 1. mgr. 109. gr. Tekur þetta mat m.a. til þess hvaða sönnunargildi skýrsla ákærða eigi að hafa sem og skýrslur vitna. Í þessu sambandi geta skýrslur vitna, sem ekki hafa skynjað atvik af eigin raun, sem og önnur óbein sönnunargögn, haft þýðingu, enda sé hægt að draga ályktanir um sakarefnið af slíkum framburði og gögnum. Metur dómari enn fremur, eftir því sem þörf krefur, hvert sönnunargildi þær staðhæfingar hafa sem varða ekki beinlínis það atriði sem sanna skal en ályktanir má leiða af um það, sbr. 2. mgr. 109. gr. Samkvæmt 1. mgr. 111. gr. gildir og sú grundvallarregla að dómur skuli reistur á sönnunargögnum sem færð eru fram við meðferð máls fyrir dómi.

2.

Í máli þessu er ákærðu gefin að sök stórfelld líkamsárás með því að hafa miðvikudaginn 23. mars 2022, á þáverandi heimili sínu, veist að brotþola með þeim hætti og þeim afleiðingum sem lýst er í ákæru. Í meginatriðum er ákærðu gefið að sök að hafa hrint brotþola, ýtt henni ítrekað upp að útidyráhurð, togað í fætur hennar þannig að hún datt fram úr sófa, dregið hana, reynt að skella höfði hennar utan í vegg, ýtt höfði hennar aftur á bak þannig að það rakst í gluggakistu, rifið í hár hennar og barið höfðinu á henni ítrekað í sömu gluggakistu og gripið í hár hennar og axlir og slegið henni utan í veggi og hurðar með þeim umtalsverðu afleiðingum sem í ákæru greinir. Er greind háttsemi talin varða við 2. mgr. 218. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940.

3.

Ákærða og brotþoli eru einar til frásagnar um atvik umræddan dag og ber þar verulega á milli þótt nokkur samhljómur sé um afmörkuð atriði, svo sem um að ákærða hafi verið þung í skapi þennan dag, erfið samskipti þeirra um morguninn, að vitnið B hafi litið til þeirra, ákærða hafi viljað að brotþoli færi, ákærða hafi tekið síma brotþola og hent honum í salernið og að ákærða hafi á ákveðnum tímapunkti hringt á sjúkrahúsi. Ræðst niðurstaða máls því að verulegu leyti af mati á áreiðanleika og trúverðugleika framburðar þeirra fyrir dómi, samanburði á þeim framburði og frásögn þeirra undir rannsókn málsins að svo miklu leyti sem slíks nýtur við og hvort og þá hvernig frásögn þeirra fær stuðning í framburði annarra skýrslugjafa og sýnilegum sönnunargögnum málsins, sbr. 115. og 126. gr. laga nr. 88/2008.

4.

Ákærða neitar sök. Fyrir dómi bar hún að komið hefði til átaka á milli þeirra brotþola en þau átök hafi ekki verið með þeim hætti sem í ákæru greini. Brotþoli hafi komið óboðin inn í herbergi hennar og ákærða ýtt henni út úr herberginu. Skömmu síðar hafi ákærða svo tekið í tölvu brotþola og brotþoli þá sparkað á að giska fimm sinnum í ökkla og sköflung ákærðu og hún ósjálfrátt brugðist við með því að slá frá sér og þá hæft brotþola í andlitið. Einungis hafi verið um eitt högg að ræða. Hugsanlegt sé að höfuð brotþola hafi við það rekist í gluggakistu fyrir aftan hana. Þá kom fram í framburði hennar að hún hafi átt það til að springa.

Undir rannsókn málsins neitaði ákærða að verulegu leyti að tjá sig og nýtur því ekki við frásagnar hennar af atvikum á því stigi. Hún greindi þó frá því í skýrslutöku hjá lögreglu að hún hafi ítrekað verið búin að biðja brotþola að fara „áður en þetta gerðist“.

Þá tjáði hún sig að einhverju leyti um atvik við C geðlækni sem dómkvaddur var til að framkvæma geðheilbrigðisrannsókn á ákærðu. Í matsgerð hans, sem hann staðfesti fyrir dómi, eru orðin „ég sprakk með A“, „ég bað hana að fara út“, „svo gerðist það sem gerðist“ og „hvað var ég að þæla“ m.a. höfð eftir ákærðu í lýsingu á samtölum þeirra um atvik umræddan dag. Þá kemur þar fram að ákærða hafi greint honum frá því að hún sæi eftir þessu. Í skýrslu ákærðu fyrir dómi kvað hún þetta vera rétt eftir sér haft. Hún hafi hins vegar verið önnur manneskja á þeim tíma sem hún hafi látið þessi orð falla og átt til að taka á sig sök vegna einhvers sem hún hafi ekki gert.

5.

Líkt og rakið er í kafla III.2. hér að framan lýsti brotaþoli fyrir dómi með skýrum og afdráttarlausum hætti atvikum á heimili ákærðu umrætt sinn. Var framburður hennar fyrir dómi í öllum aðalatriðum í fullu samræmi við framburð hennar á rannsóknarstigi sem gerð er grein fyrir í kafla II.2. hér að framan en skýrsla var tekin af henni hjá lögreglu sama dag og atvik áttu sér stað. Þá var framburður hennar enn fremur í samræmi við þær lýsingar á atvikum sem hafðar eru eftir brotaþola í framlögðum vottorðum lækna, mötum sálfræðings og sérfræðilegu áliti um örorku- og miskastig brotaþola svo langt sem þær lýsingar ná. Það er álit dómsins að framburður brotaþola sé stöðugur og að þar gæti innra samræmis um allt sem máli skiptir. Um flókna atburðarás var að ræða sem brotaþoli lýsti heildstætt á sama hátt fyrir dómi og á fyrri stigum og var framburður hennar fyrir dómi einkar trúverðugur.

6.

Þá fær frásögn brotaþola af atvikum aukinheldur sérstaka stoð í framlögðu læknisvottorði D, sérfræðilæknis á Bráðamóttöku, sem gerð er grein fyrir í kafla II.7. hér að framan sem og vætti sama lækni fyrir dómi. Í vottorði hans er lýst þeim umfangsmiklu áverkum sem voru á brotaþola við komu á Bráðamóttöku. Þá bar lækni fyrir dómi að þeir dreifðu áverkar sem verið hafi á brotaþola við komu hennar á Bráðamóttöku samræmist vel lýsingu hennar á atvikum sem og að allir umræddir áverkar hafi verið nýir. Að sama skapi fær frásögn brotaþola stoð í öðrum framlögðum læknisvottorðum, mötum sálfræðings og sérfræðilegu áliti um örorku- og miskastig brotaþola og vætti þeirra sérfræðinga sem umrædd gögn unnu fyrir dómi. Þá fær frásögn brotaþola að sínu leyti stoð í framlögðum skilaboðasamskiptum brotaþola við vitnið B sem gerð er grein fyrir í kafla II.6. hér að framan og þær staðfestu báðar fyrir dómi að átt

hefðu sér stað umræddan dag. Það er því álit dómsins að í framburði brotaþola gæti einnig ytra samræmis.

7.

Þegar allt framangreint er virt þykir framburður ákærðu um sakarefni málsins ótrúverðugur og hvorki fá stoð í framburði annarra skýrslugjafa né sýnilegum sönnunargögnum málsins. Þykir því sannað með trúverðugum framburði brotaþola og því sem honum er til stuðnings samkvæmt áður sögðu, gegn neitun ákærðu, svo ekki verði vefengt með skynsamlegum rökum, sbr. 1. mgr. 109. gr. laga nr. 88/2008, að ákærða hafi gerst sek um þá háttsemi sem henni er gefin að sök samkvæmt ákæru með þeim afleiðingum sem þar eru tilgreindar og studdar eru framburði skýrslugjafa og framlögðum gögnum. Þá er ekkert fram komið sem styður þá málsvörn ákærðu að verkið hafi hún unnið af neyðarvörn.

8.

Brot ákærðu er rétt heimfært til 2. mgr. 218. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940. Um vísvitandi líkamsárás var að ræða sem auk annars beindist að höfði brotaþola og olli henni stórfelldu líkams- og heilsutjóni. Samkvæmt 1. mgr. umræddrar greinar er nægilegt að afleiðingar slíkrar líkamsárásar verði taldar geranda til sakar vegna gáleysis. Bæði ákærða og brotaþoli báru um það fyrir dómi að ákærðu hefði verið kunnugt um líkamleg veikindi brotaþola. Ákærðu mátti vera ljóst að slík atлага að manneskju með undirliggjandi líkamleg veikindi á borð við þau sem brotaþoli glímdi við gæti haft í för með sér alvarlegar afleiðingar. Hins vegar verður að telja varhugavert að henni hafi mátt vera ljóst að þær yrðu svo víðtækar sem raun ber vitni. Verður því að mati dómsins að telja afleiðingar líkamsárásarinnar ákærðu til sakar vegna stórfellds gáleysis.

9.

Samkvæmt framansögðu hefur ákærða unnið sér til refsingar. Ákærða er fædd árið [...]. Samkvæmt framlögðu sakavottorði hennar gekkst hún undir lögreglustjórásátt 12. október 2022 til greiðslu 200.000 króna sektar fyrir akstur undir áhrifum. Það brot sem ákærða er sakfelld fyrir nú var framið áður en henni var gerð sú refsing og ber því samkvæmt 78. gr. almennra hegningarlaga að dæma ákærðu hegningarauka við þá refsingu sem hún hlaut með umræddri sátt er samsvari þeirri þynging hegningarinnar, sem kynni að hafa orðið, ef dæmt hefði verið um öll brotin í sama máli. Þá verður refsing og tiltekin samkvæmt reglum 77. gr. sömu laga.

Ákærða hefur ekki áður hlotið refsingu fyrir ofbeldisbrot eða annars konar brot gegn almennum hegningarlögum. Þá var ákærða [...] þegar brot hennar var framið, [...]. Verður til þessa litið við ákvörðun refsingar hennar. Á hinn bóginn verður ekki framhjá því horft að ákærða er nú sakfelld fyrir stórfellda líkamsárás sem stóð yfir um nokkra hríð og hafði umfangsmiklar afleiðingar í för með sér fyrir brotaþola. Þá er ekkert fram komið sem styður sjónarmið ákærðu um að við ákvörðun refsingar hennar skuli horft til 75. gr. eða 3. mgr. 218. gr. c almennra hegningarlaga eða að þær aðstæður sem þau ákvæði taka til hafi verið uppi umrætt sinn. Að öllu þessu gættu og með vísan til 1., 2., 3., 4., 5. og 8. tölul. 1. mgr. 70. gr. almennra hegningarlaga þykir refsing ákærðu hæfilega ákveðin fangelsi í 18 mánuði.

Svo sem fram hefur komið var brot ákærðu framið í mars 2022. Samkvæmt framlögðum gögnum var rannsókn þess í meginatriðum lokið í júní 2022. Það var þó ekki fyrir en í júní 2023, ári síðar, sem rannsóknargögn málsins voru send héraðssaksóknara og ekki fyrir en í október 2024, tæplega einu og hálfu ári síðar, sem ákæra var gefin út. Ekki hafa komið fram neinar skýringar á þessum drætti. Í ljósi þessa óútskýrða dráttar sem ákærðu verður ekki um kennt og að teknu tilliti til þess sem áður greinir um sakaferil ákærðu og [...] þegar brotið var framið þykir mega ákveða að fresta fullnustu refsingarinnar þannig að hún falli niður að liðnum þremur árum frá dómsuppsögu haldi ákærða almennt skilorð 57. gr. almennra hegningarlaga.

10.

Í málinu krefst brotaþoli annars vegar miskabóta úr hendi ákærðu að fjárhæð 5.000.000 króna með tilgreindum vöxtum og dráttarvöxtum og hins vegar viðurkenningar á bótaskyldu ákærðu vegna þess líkamstjóns sem hún varð fyrir við árásina, sbr. 1. gr. skaðabótalaga nr. 50/1993.

Með þeirri háttsemi sem ákærða er nú sakfelld fyrir bakaði hún sér ótvírætt skyldu til að greiða brotaþola miskabætur samkvæmt 1. mgr. 26. gr. skaðabótalaga nr. 50/1993. Við mat á miskabótum til handa brotaþola verður að horfa til þess að um stórfellda líkamsárás var að ræða sem stóð yfir um nokkra hríð og hafði samkvæmt framburði brotaþola sjálfrar fyrir dómi, framburði annarra skýrslugjafa og framlögðum gögnum bæði umfangsmiklar og alvarlegar líkamlegar og andlegar afleiðingar í för með sér fyrir hana. Að þessu virtu þykja miskabætur til brotaþola hæfilega ákveðnar 4.000.000 króna. Bótakrafa brotaþola var birt ákærðu 5. nóvember 2024 og ber tildæmd fjárhæð því vexti og dráttarvexti svo sem nánar greinir í dómsorði.

Líkt og fram hefur komið var brotþoli við störf í þágu fyrrum vinnuveitanda síns þegar ákærða framdi brot sitt og fólst starf hennar í því að gæta ákærðu. Þá liggur fyrir að brotþoli var ein á vakt með ákærðu umræddan dag en samkvæmt framlögðum gögnum og því sem fram kom í framburði skýrslugjafa fyrir dómi átti annar starfsmaður að vera með henni á vakt. Að þessu atriði er ekki vikið í framlagðri bótakröfu brotþola og krafa hennar um viðurkenningu á bótaskyldu ákærðu vegna þess líkamstjóns sem hún varð fyrir við árásina, sbr. 1. gr. skaðabótalaga nr. 50/1993, í raun ekki rökstudd sérstaklega. Liggur því ekkert fyrir um það hvort fyrrum vinnuveitandi brotþola kunni eins og atvikum var háttað að bera bótaábyrgð á líkamstjóni hennar í skilningi 1. gr. skaðabótalaga nr. 50/1993 að einhverju eða jafnvel öllu leyti. Að því gættu verður ekki hjá því komist að vísa framangreindri viðurkenningarkröfu brotþola frá dómi vegna vanreifarar.

11.

Í ljósi greindra málsúrslita ber samkvæmt 1. mgr. 235. gr. laga nr. 88/2008 um meðferð sakamála að dæma ákærðu til greiðslu alls sakarkostnaðar, en til hans telst 833.360 króna útlagður kostnaður samkvæmt yfirliti ákærvaldsins sem og málsvarnarlaun skipaðs verjanda ákærðu og aksturskostnaður hennar og þóknun skipaðs réttargæslumanns brotþola, sbr. a-lið 1. mgr. 233. gr. sömu laga. Með hliðsjón af eðli og umfangi máls og að teknu tilliti til tímaskýrslu skipaðs verjanda ákærðu, Ástu Bjarkar Eiríksdóttur lögmans, og leiðbeinandi reglna dómstólasýslunnar nr. 1/2025, þykja málsvarnarlaun hennar hæfilega ákveðin 2.511.000 krónur að meðtöldum virðisaukaskatti og aksturskostnaður hennar 28.490 krónur. Þá þykir þóknun réttargæslumanns brotþola, Helgu Völu Helgadóttur, með hliðsjón af eðli og umfangi máls, tímaskýrslu hennar og leiðbeinandi reglum dómstólasýslunnar nr. 1/2025 hæfilega ákveðin 1.121.580 krónur að meðtöldum virðisaukaskatti.

Hulda Árnadóttir héraðsdómari kveður upp dóm þennan. Fyrir uppkvaðningu hans var gætt fyrir mæla 1. mgr. 184. gr. laga nr. 88/2008.

Dómsorð:

Ákærða, X, sæti fangelsi í 18 mánuði en fresta skal fullnustu refsingar og hún falla niður að liðnum þremur árum frá uppkvaðningu dóms þessa haldi ákærða almennt skilorð 57. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940.

Ákærða greiði A 4.000.000 króna með vöxtum samkvæmt 8. gr. laga nr. 38/2001 um vexti og verðtryggingu frá 23. mars 2022 til 5. desember 2024, en dráttarvöxtum samkvæmt 1. mgr. 6. gr. sömu laga frá þeim degi til greiðsludags.

Vísað er frá dómi kröfu A um að viðurkennd verði bótaskylda ákærðu vegna þess líkamstjóns sem brotaþoli varð fyrir 23. mars 2022, sbr. 1. gr. skaðabótalaga nr. 50/1993.

Ákærða greiði 4.494.430 krónur í sakarkostnað, sem samanstendur af 833.360 króna útlögðum kostnaði ákærvaldsins, 2.511.000 króna málsvarnarlaunum skipaðs verjanda hennar, Ástu Bjarkar Eiríksdóttur lögmanns, sem og 28.490 króna aksturskostnaði hennar, og 1.121.580 króna þóknun skipaðs réttargæslumanns brotaþola, Helgu Völu Helgadóttur lögmanns.

Hulda Árnadóttir